

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Icelandic Children Aid (ICA).

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Icelandic Children Aid (ICA) - og er til styrktar Íslensku barnahjálpinni í Madras. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnandi styrktarsjóðsins er framkvæmdanefnd starfsþjálfunarskóla, sem Þóra Einarsdóttir, kt. 100213-7969, stofnaði og rekur fyrir fyrrum holdsveikar, fatlaðar og mjög fátækar stúlkur í Madras, í fylkinu Tamil Nadu á Indlandi. Framkvæmdanefndina skipa: Þóra Einarsdóttir, kt. 100213-7969, „Seljahlíð“, Hjallaseli 55, Reykjavík, formaður, Pétur Jónsson, kt. 120138-4729, Laufásvegi 79, Reykjavík, framkvæmdastjóri, Hildur Hálfðanardóttir, kt. 220231-2409, Mávanesi 24, Garðabæ, skrifstofustjóri, Gunnar V. Guðmundsson, kt. 011041-4779, Lindarbraut 5, Seltjarnnesi, yfirlyfjafraeðingur og Hrönn Marinósdóttir, kt. 150565-5379, Lokastíg 7, Reykjavík, fréttamaður.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 462.000 - fjögurhundruðsextíuogtvöpusundkrónur -. Stofnfé sjóðsins má ekki skerða.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Gjafir, áheiti og önnur frjáls framlög til reksturs starfsþjálfunarskólans í Madras.
2. Tekjur umfram gjöld af rekstri starfsþjálfunarskólans.
3. Tekjur af eignum sjóðsins.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

1. Að reka starfsþjálfunarskóla fyrir fyrrum holdsveikar, fatlaðar og mjög fátækar stúlkur í Madras og gera þeim mögulegt að verða sjálfbjarga og sjálfstæðar.
2. Að styrkja nemendur starfsþjálfunarskólans og hjálpa þeim til sjálfshjálpar.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn. Formaður stjórnar ICA skal vera formaður sjóðstjórnar. Framkvæmdanefnd starfsþjálfunarskólans skipar aðra stjórnarmenn í fyrstu stjórn sjóðsins. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Hætti einhver stjórnarmaður eða fellur frá, skulu aðrir stjórnarmenn fá til starfa nýjan stjórnarmann í hans stað.

7. gr.

Gjaldkeri annast daglegan rekstur sjóðsins og umsjón hans.

Gerðir sjóðsins og fjárhagur eru að öllu leyti aðskilin rekstri ICA.

Sjóðstjórn semur ársreikninga sjóðsins og skulu þeir endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

8. gr.

Stjórn sjóðsins getur breytt skipulagsskrá þessari ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna eða lagt sjóðinn niður.

9. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skal eignum hans varið í þágu ICA.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. apríl 1997.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

Nr. 287

REIKNINGUR**Félagsstofnunar stúdenta 1. júní 1995 - 31. maí 1996.****REKSTRARREIKNINGUR**

TEKJUR	Kr.
Sölu- og leigutekjur	<u>348.598.584</u>
	<u>348.598.584</u>
GJÖLD	
Vörunotkun	143.420.300
Laun og launatengd gjöld	79.333.885
Annar rekstrarkostnaður	54.181.090
Afskriftir	<u>48.097.917</u>
	<u>325.033.192</u>
 Tekjur umfram gjöld af rekstri	 <u>23.565.392</u>
FJÁRMUNATEKJUR OG (FJÁRMAGNSGJÖLD)	
Vaxtatekjur og verðbætur	16.499.783
Vaxtagjöld og verðbætur	(39.874.171)
Tekjufærsla vegna verðbreytinga	22.428.080
Misvægi byggingarvísitölu og lánskjaravísitölu	<u>(45.992)</u>
	<u>(992.300)</u>
 Hreinar tekjur af rekstri	 <u>22.573.092</u>
AÐRAR TEKJUR OG (GJÖLD)	
Skráningargjöld	14.655.964
Sölutekjur v/Valhallar	10.000.000
Sölutap Nýi garður	(22.313.236)
Styrkir til stúdentaráðs og deildarfélaga	<u>(4.329.169)</u>
	<u>(1.986.441)</u>
 HREINAR TEKJUR	 <u>20.586.651</u>